



Ernst Wolff: „Kórónu faraldurinn – Lokatakmarkið stafrænn ...



Ernst Wolff er þýskur rithöfundur og blaðamaður. Hann talar um í þætti sínum Wolff of Wall Street Special um Corona heimsfaraldurinn – Lokatakmarkið: stafrænn fjármálafasismi. Þar sýnir hann fram á ótrúlega mikilvæga þróun og samhengi sem mun hafa langvarandi afleiðingar

Nú glímum við annars vegar við mesta samdrátt okkar tíma og hins vegar fjármálamarkaði sem eru í slíkri uppsveiflu eins og allt sé í stakasta lagi. Við fyrstu sýn virðist þetta vera mótsögn, en er það ekki, heldur fyrirboði stórhættulegrar þróunar fyrir okkur öll.

Skoðum samt fyrst hvernig við lentum í þessum kringumstæðum.

Alþjóðlega fjármálakerfinu var bara haldið á lífi eftir kreppuna 2007-08 með inngripi seðlabankanna, sem dældu hundruðum milljarða í kerfið og lækkuðu síðan vexti um allan heim yfir 700 sinnum.

Peningarnir runnu hins vegar hvorki inn í raunhagkerfið né til þeirra sem verst urðu undir í kreppunni, heldur fóru þeir nær eingöngu í spákaupmennsku á fjármálamörkuðunum. Það hefur leitt til þess að þrátt fyrir 12 slök ár efnahagsþróunar upplifum við gegnumgangandi stigvöxt á fjármálamörkuðum.

Seinni hluta síðasta árs kom í auknum mæli samdráttur í ljós sem kom hökti á þessa þróun. Og í mars á þessu ári lækkaði olíuverð meira en nokkru sinni fyrr sem olli niðursveiflu á mörkuðunum.

En þá var ekki gripið til mótvægisáðgerða og reynt að örva efnahaginn aftur nákvæmlega hið gagnstæða: Með hið svokölluðu „Lockdown“ voru efnahagurinn nánast um allan heim bókstaflega kæfður - með þeim afleiðingum að hlutabréfamarkaðir hrundu hraðar og alvarlegar heldur en 1929.

Þetta vísitandi stýrða hrun notuðu síðan seðlabankarnir sem tækifæri til að dæla stærstu fjárhæðum allra tíma inn í alþjóðlega fjármálakerfið. Þetta þýddi aftur á móti að sex stærstu tæknirisar heimsins gátu byggt enn frekar upp einokunarstöðu sína, bæði í efnahagslífinu og á fjármálamörkuðunum. Hér eru nokkrar tölur:

Gengi hlutabréfa í Alfabet (móðurfélags Google) hækkaði um 17 prósent, frá janúar og til júliloka 2020, Microsoft hækkaði um 38 prósent og Facebook um 45 prósent. Netflix náði upp í 66, Apple 68,5 og Amazon 81 prósent.

Að auki höfum við upplifað nokkur heimsmet: Frá því í síðustu viku varð Apple fyrsta fyrirtækið í heiminum með kauphallarvirði yfir 2 billjónir dollara. Eftir að fyrirtækið var stofnað árið 1976 tók það Apple 42 ár að rjúfa 1 billjónar múrinn. Heil tvö ár þurfti til að ná tveggja billjóna markinu. Elon Musk hefur hagnast 100 milljarð dala á skemmri tíma en nokkur annar og Jeff Bezos, stofnandi Amazon, varð fyrir nokkrum dögum fyrsta einstaklingurinn til fara

upp fyrir 200 milljarða dala markið.

En einnig fjárfestar í bakgrunni hafa hagnast gríðalega. Fimmti hver dollar sem FED, bandaríski Seðlabankinn, hefur búið til síðan í mars hefur runnið í vasa bandarískra milljarðamæringa og hefur séð til þess að auðæfi þeirra 12 ríkustu hafa aukist um meira en 1 billjón \$ síðan um miðjan ágúst.

Allt þetta hefur gerst samtímis því að milljónir manna bæði í Bandaríkjunum og hinum iðnríkjunum hafa glatað atvinnunni og margir þeirra misst lífsviðurværi sitt. Í þróunarlöndunum lítur það enn verr út. Samkvæmt Alþjóðavinnuálagstofnuninni hafa tekjur 1,6 af þeim 2 milljörðum manna sem vinna óreglulega, þ.e.a.s. án samninga, hrunið að meðaltali um 60 prósent um allan heim, í Afríku og Suður-Ameríku m.a.s. yfir 80 prósent. Hið svokallaða „Lockdown“ sem ríkisstjórnirnar komu vísitandi á og sú fjármálastefna sem seðlabankarnir fylgdu í kjölfarið, hefur þannig hrundið af stað sögulegu ferli samþjöppunar eigna og valds í þágu stóru tæknifyrirtækjanna og á hinn bóginn hrundið á stað mannúðarhormungum af ólýsanlegri stærðargráðu á hinum enda samfélagsins.

Og þetta er bara upphafið. Sá sem í dag heldur að glötuðu störfunni muni koma aftur hefur rangt fyrir sér. Viðskiptalíkan stóru einokunar-tæknifyrirtækjanna sem ráða yfir okkur meira en nokkru sinni í kjölfar hins svokallaða „Lockdown“, gerir ekki ráð fyrir aukningu, heldur þvert á móti hraðri fækkun milljóna starfa til viðbótar.

Innleiðing heimaskrifstofa, heimanáms, sjálfkeyrandi bíla, vinnuvélmenna, þrívíddarprentara og víðtækri innleiðingu á líffræðilegri tölfræði (e: biometrics), alveg yfir í beintengingu mannfólks og tækni - þ.e.a.s. alls litrófs stafrænna aðgerða - gerir milljónir á milljónir ofan annarra starfa óþörf, og það innan skamms.

En þetta getur þjóðfélagið í núverandi mynd ekki ráðið við. Ríkin, sem þegar eru algjörlega yfir-skuldsett, verða að grípa til aðhaldsaðgerða vegna þeirrar flóðbylgju félagslegra útgjalda sem atvinnuleysi krefst. Það mun skyggja á allt það sem hingað til hefur sést og mun örugglega leiða til svo gríðarlegs umróts í samfélaginu að lögreglan eða herinn mun varla geta ráðið við.

Og hvað þá? Mun samfélag okkar enda í glundroða og enda í borgarastyrjöld? Hinir völdugu hljóta þegar að hafa spurt sig þessarar spurningar, því frá þeim hefur þegar komið lausn við þessu. Hún heitir: Algert eftirlit með hjálp stafrænna peninga.

Allir helstu seðlabankar og allir helstu tæknirisarnir vinna nú að þróun nýrra, reiðfjárslausra greiðslumöguleika. Tvö hugtök gegna hér mikilvægu hlutverki: „byrlufé“ (e: helicopter money) og stafrænn gjaldmiðill seðlabankans.

Þar sem atvinnulausir vinna sér ekki inn neina peninga og detta út sem neytendur verður óhjákvæmilega að gera peninga tiltæka til að örva eftirspurn í hagkerfinu. Þessa peninga mun maður síðan fegra sem „skilyrðislausar grunntekjur“ eða „borgaralaun“, þó að þær verði bundnar þeim skilyrðum að viðtakandinn leggi þá strax í neyslu en ekki sparnað.

Til að tryggja að peningarnir séu notaðir eins og óskað er eftir munu seðlabankarnir úthluta þeim til viðtakenda beint og í stafrænu formi. Það þýðir atvinnulausir og bótáþegar munu til dæmis fá veski í farsímanum sem þeir geta tekið á móti og áframsent.

Þannig væri pandóruboxið opnað. Því þar með væri fyrsta skrefið stigið í átt að algerri umbreytingu þess peningakerfis sem við höfum hingað til notað. En henni er sem stendur ýtt

áfram af seðlabönkunum og að mestu hulin almenningi– hin stafræn seðlabankamynt.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að hnekkja sígildum innlánsviðskiptum banka, að úthluta hverjum ríkisborgara aðeins einum reikningi hjá seðlabankanum og nota hann til að vinna úr öllum fjármálaviðskiptum reiðufjárlaust. Sú staðreynd að þetta sé ekki fjarlægur framtíðardraumur sannast meðal annars á stöðugum þrýstinga á að dregið verði úr reiðufjárnotkun, sífelld aukning á lokun bankaútibúa og fordæmi Kína, sem var kynnt þann 16. apríl á þessu ári - í miðri Covid-krisunni - innleiðingu þessara nýju myntar.

Enginn getur sagt að svo stöddu hvenær þessum áformum verður hrundið á stað hjá okkur, en eitt þarft þú að hafa á hreinu: Við erum á sögulegum tímamótum. Hið svokallaða „lockdown“ var ekkert annað en meðvitað innleitt yfirsýn fyrir síðastu stóru björgunaraðgerð núverandi fjármálakerfis. Það sama á við um heim peninganna sem var stofnaður fyrir ca. 600 árum.

Svo lengi sem þeir sem hafa völdin í sínum höndum halda áfram að ákveða framtíð okkar, stendur þeim ekkert annað til boða heldur en að grípa til stafræns seðlabankagjaldmiðils til þess að reyna að stjórna og tempra okkur öll. Sú staðreynd að seðlabankarnir séu að ganga í bandalag við tæknirísana, þ.e.a.s að okkar biði gjaldmiðill, að hálfu í einkaeigu, sýnir að við stöndum nú á þröskuldi hins versta forms miðstýrðs áætlunarhagkerfis – einræðis samráðshyggjunnar - í anda Benitos Mussolini.

eftir hm

Heimildir:

<https://www.youtube.com/watch?v=sRiqXFcGqC4>

Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

#Covid-19 - www.kla.tv/covid-19-is/

#Fjarmal - Fjármál - www.kla.tv/fjarmal

Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálssar – óháðar – óritskoðaðar ...



- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrð frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið

þitt færðu hér: www.kla.tv/abo-is

Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftast þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífelld reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér: www.kla.tv/vernetzung&lang=is

Licence:  *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í.
Stofnunum reknur af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.